


Markmið og tilgangur VIRK

- VIRK starfsendurhæfingarsjóður er sjálfseignarstofnun stofnuð árið 2008 af helstu samtökum stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði.
- Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu.
- Tilgangur með þjónustu á vegum VIRK er að aðstoða fólk við að komast til vinnu. Um er að ræða markvissa einstaklingsmiðaða ráðgjöf og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem krefst fullrar þátttöku viðkomandi einstaklings.
- Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.
- Rétt á þjónustu VIRK eiga þeir einstaklingar sem ekki sinnt starfi sínu að eða öllu leyti eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubreysts og eru með beiðni eða vottorð frá lækni og hafa það að markmiði að verða virkur þátttakandi á vinnumarkaði eða að auka þátttöku sína á vinnumarkaði.
- VIRK vinnur að starfsendurhæfingu samkvæmt lögum 60/2012 í samstarfi við stéttarfélög, atvinnurekendur, lífeyrissjóði, þjónustuaðila í starfsendurhæfingu og stofnanir velferðarkerfisins.



- Í nóvemberbyrjun hafa 1.539 einstaklingar komið nýir inn í þjónustu Hjá VIRK og 904 einstaklingar hafa lokið þjónustu, útskrifast, á árinu 2017.
- 12.600 einstaklingar hafa leitað til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs frá upphafi. Nú eru um 2.350 í starfsendurhæfingarþjónustu á vegum VIRK um allt land og hafa ekki áður verið fleiri.


Starfsemi, árangur og ávinningur VIRK

- VIRK hefur byggt upp þverfaglegan starfsendurhæfingarferil, persónulega ráðgjöf og þjónustu sem hefur það markmið að koma einstaklingum til vinnu og byggt upp samstarf við aðrar stofnanir innan velferðarkerfisins.
- Þjónusta VIRK er til staðar á öllum m helstu þéttbýlisstöðum landsins, er einstaklingsmiðuð og einstaklingum að mestu kostnaðarlaus.
- Á vegum VIRK starfa 50 sérhæfðir ráðgjafar staðsettir hjá stéttarfélögum víða um land sem fylgja notendum þjónustunnar allan starfsendurhæfingarferilinn og hvetja þá áfram.
- VIRK á í miklu og góðu samstarfi við fagfólk um allt land, leggur áherslu á að nýta fagfólk á hverju svæði fyrir sig og þróa úrræði sem henta þeim fjölbreytta hópi sem nýta þjónustu VIRK.
- Tæplega 600 þjónustuaðilar eru í samstarfi við VIRK um starfsendurhæfingarúrræði og keypt var þjónusta af þeim fyrir ríflega milljarð króna árið 2016.

- Yfir 70% þeirra sem leita til VIRK hafa ekki starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.

- Undanfarin fjögur ár hefur Talnakönnun HF metið ávinninginn af starfsemi VIRK.

13,6 milljarða ávinningur var af starfseminni 2016 og reiknaður meðalsparnaður á hvern útskrifaðan einstakling eykst á milli ára, var 12,2 milljónir en 10 milljónir árin 2013-2015.



- Þjónustukannanir VIRK sýna að þátttakendur eru undantekningalítið mjög ánægðir með þjónustuna og telja hana auka verulega bæði lífsgæði sín og vinnugetu.

- Meira en 70% þeirra rúmlega 7.000 einstaklinga sem útskrifast hafa frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift; þ.e. í vinnu, í atvinnuleit eða lánshæfu námi.

